

Sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs  
Dalvíkurbyggð  
Ráðhúsi Dalvíkur  
620 Dalvík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 7. febrúar 2017  
UST201701-208/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Dalvíkurbyggð. Tillaga að deiliskipulagi íbúðarsvæðis við Kirkjuveg á Dalvík**

Vísað er til erindis sviðsstjóra umhverfis- og tæknisviðs Dalvíkur er barst 19. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi íbúðarsvæðis við Kirkjuveg á Dalvík.

Í greinargerð kemur fram að fyrir tíu árum hafi verið unnin deiliskipulagstillaga af skipulagssvæðinu og hún auglýst á lögbundin hátt, en hafi ekki hlotið gildistöku í B-deild. Einnig kemur fram að markmiðið nú með tillögunni er að ljúka skipulagsvinnunni.


#### **Skipulagssvæðið**


Í greinargerð kemur fram að ofangreint skipulagssvæði er um 1 ha að stærð. Útivistarsvæði liggja að skipulagssvæðinu að norðan- og sunnanverðu. Skipulagssvæðið liggur miðsvæðis í þéttbýli Dalvíkur.

Á svæðinu eru ekki svæði á náttúruminjaskrá og á svæðinu eru ekki vistkerfi og jarðmyndanir er njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda tillögu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur